



Samband garðyrkjubænda

Austurvegi 1 V/Tryggvatorg, 800 Selfoss, Ísland

Fax 98-22995

Sími 98-21611

Dags. 7/6 1995

Bls. (þessi meðtalin) 6

Viðtakandi: Þfræðis- og viðskiptanefnd Alþing
1/6 Þrúsa H. Lárusd. - Landbúnaðarnefnd
1/6 Guðni Ágústsson
 Sendandi: Þrynja Hjálmsdóttir

Skilaboð: Þunnsögn um framfarir til
laga um þrylgingar á lögum
vegna atvildar Íslands að
Alþjóðaviðskiptasöfnum

Selfossi, 7. júní 1995.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Hr. formaður Vilhjálmur Egilsson
c/o Ágústa H. Lárusdóttir, deildarfulltrúi
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

*Umsögn Sambands garðyrkjubænda um Frumvarp til laga um breytingar
á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (lagt fyrir Alþingi á
119. löggjafarþingi 1995).*

Eins og yður er kunnugt þá hefur garðyrkjan sérstöðu meðal greina landbúnaðarins vegna gífurlegs innflutnings garðyrkjuafurða á árinu 1988. Þetta hefur í för með sér skuldbindandi markaðsaðgang á lágum tollum sem í mörgum tilfellum fer langt fram úr því sem nemur innflutningi síðustu ára, samanber fylgiskjal. Með tilkomu lýsingar og kolsýrugjafar í ylrækt, og kæligcymsla og notkunar dúka í útirækt hefur tekist að lengja ræktunarárið hér á landi og lengja geymslutíma, sem hvoru tveggja leiðir af sér aukið framboð innlendra afurða.

Samband garðyrkjubænda minnir á hvernig viðauki EES-samningsins (Cohesion-listinn) heimilar ótakmarkaðan tollalausn innflutning mikilvægra garðyrkjuafurða fimm mánuði á ári frá löndum sem styrkja framleiðslu sína um allt að 25% af framleiðsluverðmæti, skv. skýrslu Markúsar Möller hagfræðings um íslenska ylrækt frá 1993.

Verðlag á garðyrkjuafurðum, bæði blómum og grænmeti, breytist mjög hratt bæði hérlendis og erlendis, og ræðst af framboði og eftirspurn hverju sinni. Vegna legu landsins á norðlægum slóðum koma árstíðabundnar afurðir síðar á markað hér en í þeim löndum sem liggja sunnar, þetta hefur í för með sér að verð á mörkuðum þar er farið að lækka þegar fyrsta uppskera okkar er að koma á markaðinn.

Samband garðyrkjubænda krefst þess að tollabindingar fyrir garðyrkjuafurðir verði nýttar að fullu og ekki verði aukið á vanda garðyrkjunnar umfram það sem GATT-samningurinn felur í sér, ef menn vilja hafa þessa atvinnugrein í landinu á annað borð. Samkvæmt frumvarpinu lækka tollaígildi um 6% á ári næstu 6 árin á flestum tollflokkum blóma og einu tollnúmeri grænmetis, eða um alls 36%, en áður hafði verið rætt um að tollaígildin á öllum flokkum garðyrkjuafurða myndu lækka um 15% á næstu 6 árum.

Við minnum á að gróðurhús og aðrar fjárfestingar í garðyrkju eru það sérhæfðar að þær verða vart notaðar til annars.

Garðyrkjubændur hafa áhyggjur af því að eftirlit með innflutningsmagni hinna einstöku tolltaxta verði erfitt. Nauðsynlegt er að framfari vöruskoðun ásamt því sem fylgst er með innflutningsmagni, og verða hagsmunaaðilar að eiga sæti í eftirlitsnefnd með innflutningi vegna fagþekkingar.

Um breytingar á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Í 6. grein A er lagt til að tollar á vörur sem fluttar eru inn samkvæmt viðauka III B skuli vera 30% í stað þeirra 40% sem GATT-tilboðið gerði ráð fyrir. Með þessu er markaðsaðgangur í raun bættur frá því sem var á viðmiðunarárinu 1988.

Í sömu grein um breytingar á tollalögum er vísað til viðauka IV B. Umræddur viðauki kemur garðyrkjubændum mjög á óvart þar sem aldrei hefur verið frá honum greint í kynningu á GATT-samningnum og virðist hann til þess gerður að búa til svigrúm til að fara út fyrir GATT-ráðgjafann ef þurfa þykir án þess að spyrja löggjafann áhlits (sjá bls. 23). Þetta þykir okkur mjög einkennilegt þar sem ríkjandi markaðsaðgangur skv. GATT-samningnum er mjög mikill fyrir bæði grænmeti og blóm. Fyrir vörurnar í viðauka IV B er nefnt sérstaklega að tollþrepin skuli vera 0, 25, 50 eða 75 hundraðshlutar af þeim tolli sem tilgreindur er í tollskrá. Þessi útfærsluleið virðist okkur að geri að engu vald löggjafans til að skilgreina starfsumhverfi garðyrkjunnar.

Einnig er með öllu óskiljanlegt hvar tölur í þennan viðauka eru fengnar þar sem um er að ræða mun meira magn er en flyta má inn til landsins samkvæmt ríkjandi markaðsaðgangi. Heildarkvótar í garðyrkjuafurðum skv. viðaukum III B og IV B jafngilda í flestum tilfellum allri innanlandsframléðslu á þessum afurðum og gott betur.

Um breytingar á lögum um framléðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Í 19. grein eru lagðar til breytingar á 53. grein. Ákvæði um að heimilt sé að skipta tollkvótum upp í einingar er að okkar mati óljóst. Einnig vekur athygli að talið er nauðsynlegt að taka sérstaklega fram að "endurúthluta megi tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvóta."

Í 20. grein er fjallað um nýja 53. grein A sem byggir á viðauka IV B sem áður hefur verið vakin athygli á. Landbúnaðarráðherra getur að vísu ákveðið að viðbótarkvótar komi til frádráttar tollkvóta í viðauka III B en verði greinin samþykkt svona býður hún upp á eftirgefanlega túlkun.

Í 24. grein er lagt til að við bætist ný grein, 75. grein, um hlutverk þriggja manna nefndar. Hún skal vera til ráðuneytis (ekki ráðgefandi?) og þar er fyrst talin útfærsla 53. greinar og 53. greinar A um úthlutun tollkvóta. Jafnframt er nefndinni falið að "gera tillögur til landbúnaðarráðherra um þau verkefni sem honni eru falin með lögum þessum".

Samband garðyrkjubænda álitur að verði lagabreytingarnar samþykktar með þessu móti sé það ávísam á togstreitu og til þess fallið að torvelda landbúnaðarráðherra að framfylgja þeim hluta GATT-samningsins sem snýr að tollkvótum.

Um breytingar á lögum nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Breyting á 2. málsg. 3. greinar laganna, samanber lög nr. 59/1990. Hér virðist vera ákvæði um óskilgreinda gjaldtöku á íslenska garðyrkjubændur. Þetta vekur nokkra furðu vegna þess að "gamla" eftirlitsgjaldið hefur snúið að því að einangra og útrýma nýjum skaðvöldum sem hingað hafa borist með innflutningi.

Samband garðyrkjubænda leggur þó ríka áherslu á að eftirlit með sjúkdómum og meindýrum, svo og eitrefnum verði mikið og virkt.

Lokaorð.

Ekki er í umsögn þessari fjallað um einstök tollaígildi né gerðar sérstakar athugasemdir við viðauka I. Margar breytingar á tollflokkum í 6. og 7. kafla eru til hins betra ef hugmyndir um útfærslu þá sem Landbúnaðarráðuneytið hefur sett fram (magn, tímabil) ná fram að ganga. Fyrir því er engin trygging að okkar mati.

Samband garðyrkjubænda og ráðunautar Bændasamtaka Íslands lögðu fram tillögur að breytingum að tollskrá vegna GATT-samninganna, enn vantar frekari skiptingu tollflokka í 7. kafla þannig að ekki séu undir sama tollnúmeri ólíkar tegundir sem fluttar verða inn á mismunandi tíma og e.t.v. með mismunandi tollaígildum. Einnig eru órsáar tegundir (steinselja og radísur) þar sem tollaígildin eiga að vera kr/búnt í stað kr/kg, þar sem sala þeirra fer ávallt fram í búntum, á þessu hefur strekað verið krafist leiðréttinga.


Einnig er óljóst hvort vörur sem fluttar verða til Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli verða með tollaígildum eða ekki, verði það ekki býður það heim hættunni á því að reynt verði að koma vörum sem fara eiga til Varnarliðsins inn á innlendan markað.

Þá eru tollaígildi í tollskrá í krónum, en tilboð Íslands í GATT-samningunum var í SDR, við teljum að eðlilegt sé að tollskráin verði einnig í SDR eða að fulltryggt sé að gengisbreytingar verði ekki til að skekkja tollaígildin, hvort heldur sem er til lækkunar eða hækkunar.

Með því að breyta hluta af tollaígildunum úr krónutölutulli í hlutfallstoll er vernd innlendra framleiðslu rýrð þegar verð erlendis er lágt, sbr. meðfylgjandi línurit.

Í skýringum með frumvarpinu er tekið fram að gert verði "ráð fyrir því að tollar samanstandi af verðjöfnun vegna verðmunar sem er á heimsmarkaði vörunnar og heildsöluverði samsvarandi innlendra vöru auk 30% tollverndar" (bls. 22). Hvað garðyrkjuna varðar fáum við ekki séð að þessi tollvernd náist í öllum tilvikum.

Virðingarfyllst,
f. h. Sambands garðyrkjubænda



Kjartan Ólafsson, formaður

Afrit sent Landbúnaðarnefnd Alþingis.

Íslensk garðyrkja og GATT

Á súluritunum hér fyrir neðan sjáum við samanburð á því magni sem flutt var til landsins árið 1994 og því magni sem heimilt er að flytja inn á lægri tollum á nokkrum tegundum blómjurtia og grænmetis. s.k.v. GATT samkomulaginu. Þar má sjá að talsvert þarf að auka eftirspurn eftir þeim tegundum áður en tollaígili koma til framkvæmda.

Á þessum úna hefur EES samningurinn tekið gildi og skv. honum er frjálfs ótollaður innflutningur heimill á 5 tegundum blóma og 4 tegundum grænmetis á ákv. tímum árs.



A% = hlutfallstollur, 30% skv. viðauka I

A1 = tollaígildi í krónum, 198 kr/kg á tómdtum skv. viðauka I

100 á x-ás sýnir fulla vernd skv. Gatt-tilboði, hún næst þegar c.i.f.-verð er 100 kr/kg á tómdtum en fer hlutfallslega lækkandi eftir því sem verð erlendis lækkar.

TÓMATAR - frávik A%+A1 frá GATT-tilboði miðað við mismunandi cif-verð.

